

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 15. október 2021 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa. G. Hólm Borgarsdóttir, Ásgeir Hólm Agnarsson og Guðmundur Birgir Ragnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

**1. Skýrsla sveitarstjóra**

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

**2. Samningur Súðavíkurhrepps og Íslenska kalkþörungafélagsins**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með öllum atkvæðum greiddum samning milli Súðavíkurhrepps, kt. 630269-4589, og Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. kt. 680601-2670 og felur sveitarstjóra umboð til þess að rita undir fyrir hönd Súðavíkurhrepps. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar þessum áfanga og bindur vonir við farsælt samstarf við Ískalk á samningstíma.

**3. Endurgerð eða lagfæringar á flotbryggju í Súðavíkurhöfn**

Sveitarstjórn leggur til að kannað verði með kostnað við að endurnýja flotbryggju á sambærilegan hátt og fyrir er við suðurgarð og samstarf við hafnarvið Vegagerðarinnar um útfærslu. Uppsetning og útfærsla taki mið af ríkjandi áttum og sjólagi innan hafnargarðs. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir og leggja fyrir sveitarstjórn frekari skilgreiningu kostnaðar við verkefnið.

**4. Sala fasteigna – Arnarflöt (rauða húsið), ráðstöfun annarra fasteigna**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta sölu á Arnarflöt 5 um óákveðinn tíma.

**5. Langeyrarhúsin – flutningur og ráðstöfun húsnæðis – framkvæmdir**

Sveitarstjórn samþykkir að leigja áfram suðurenda hússins, til annars vegar Iceland Sea Angling (þrjú bil - syðst) og hins vegar eitt bil til Nonni ÍS-143 ehf.

Aðstöðu Súðavíkurhrepps verður komið fyrir í miðju húsinu. Aðstöðu Slökkviliðs

Súðavíkurhrepps verður fundinn staður í norðurenda hússins með Bj.Sv. Kofra samanber innkomið kauptilboð BsJ.Sv. Kofra dags. 7. október 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða kauptilboð BsJ.Sv. Kofra dags. 7. október 2021 með vísan til 2. liðar tilboðsins upp á kr. 9.000.000.- + 200 klst. vinnuframlags BsJ.Sv. Kofra til seljanda.

SK

GR

AHA

ET

6. Fundargerðir:

a. Vestfjarðastofa

b. 437. Fundur Hafnarsambands

c. 901. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðir lagðar fram og kynntar án athugasemda eða bókana.

7. Trúnaðarmál

Karl Guðmundur Kjartansson víkur af fundi undir þessum lið.

Tekið undir það sem fram kom í erindi og afgreiðsla kynnt hlutaðeigandi.

Karl Guðmundur Kjartansson kemur inn á fundinn aftur.


Elsa G. Hólm Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson víkja af fundi vegna erindis frá Hvetjanda dags. 13.10.2021.

Ásgeir Hólm Agnarsson og Elsa G. Hólm Borgarsdóttir koma aftur inn á fundinn.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:09

  
Karl Guðmundur Kjartansson


  
Ásgeir Hólm Agnarsson

G. Birgir Ragnarsson



Elsa G. Hólm Borgarsdóttir



  
Samúel Kristjánsson  
oddviti